

Starfsskýrsla 2015

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra (HNV) er eitt 10 heilbrigðiseftirlitssvæða, sem rekin eru á vegum sveitarfélaganna í landinu. Svæði HNV er víðfemt en það nær frá og með Fjallabyggð í austri og vestur til Húnaþings vestra og síðan alla leið suður á Hveravelli. Hlutverk Heilbrigðiseftirlitsins er annars vegar að sinna eftirliti einkum með starfsleyfisskyldri starfsemi og hins vegar stjórnsýsla sem felur í sér lögbundnar umsagnir m.a. um leyfisveitingar sýslumanna og skipulagsyfirvalda.

Það má skipta verkefnum Heilbrigðiseftirlitsins í 3 flokka þ.e. á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna.

Almennt hafa áherslur starfsins á síðustu árum færst í auknum mæli yfir á starfsemi tengda ferðaþjónustu. Vöxtur ferðaþjónustunar kemur kemur skýrt fram í fjölgun gisti- og veitingastaða á Norðurlandi vestra.

Ráðgjöf til einstaklinga vegna hollustuhátta og þá sérstaklega vegna ástands húsnæðis er orðinn ríkari þáttur í starfi Heilbrigðiseftirlitsins. Samkvæmt 13 gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er það eitt af hlutverkum eftirlitsins að vinna að fræðslu fyrir almenning og að bættum hollustuháttum.



Heilbrigðisnefnd og rekstur

Í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, er í 11. gr. ákvæði um heilbrigðisnefndir: „Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Í hverri nefnd skulu eiga sæti fimm menn, kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, þar af skal einn vera formaður ...“ Samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver í nefndina til viðbótar. Á árinu 2015 voru haldnir sjö stjórnarfundir í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra. Samþykkt voru 51 starfsleyfi til fyrirtækja á Norðurlandi vestra.

Heilbrigðisnefnd var skipuð þannig á árinu 2015: Sigríður Magnúsdóttir, Skagafirði, formaður. Kristinn Kristjánsson, Fjallabyggð, varaformaður. Haraldur Þór Jóhannsson, Skagafirði, ritari. Ína Ársælsdóttir, Húnaþingi vestra. Anna Margrét Sigurðardóttir Blönduósi og Guðný Helga Kristjánsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda.

Rekstur Heilbrigðiseftirlitsins á árinu 2015 gekk vel en 1.404 þús. kr. afgangur var af rekstri starfseminnar.

Starfsmenn Heilbrigðiseftirlitsins voru heilbrigðisfulltrúarnir Sigurjón Þórðarson, Sigríður Hjaltadóttir og Steinunn Hjartadóttir í sömu starfshlutföllum og á síðustu árum. Eina breytingin á starfsmannamálum Heilbrigðiseftirlitsins var að Elva Rut Þorleifsdóttir frá Fjallabyggð var ráðin í tímabundin verkefni hjá Heilbrigðiseftirlitinu og vann hún við úttekt á vatnsbólum í Skagafirði og við veitingahúsaeftirlit.

Á árinu 2015 var heimasíða eftirlitsins endurnýjuð og ljóst er að hún er talsvert heimsótt af þeim sem þurfa að nálgast eyðublöð og vilja kynna sér tilkynningar eftirlitsins. Það kemur fyrir að fréttir af heimasíðunni rati í fjölmiðla m.a. af hreinsunarátaki á opnum svæðum.

Mengun

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur haft eftirlit með mengun á starfssvæðinu. Eftirlitið og ekki síður sú umræða sem hefur verið um málaflökkuinn hefur skilað áþreifanlegum árangri í bættum mengunarvörnum. Vel heppnaðar aðgerðir í umhverfismálum skila fyrirtækjunum sjálfum fjáhagslegum ágóða, þar sem að mengunarvarnir fela gjarnan í sér bætta nýtni á orku og hráefnum, sem leiðir til minni útblásturs og úrgangslausunar, svo ekki sér minnst á bætt orðspor fyrirtækja.

Heilbrigðiseftirlitinu gengur almennt ágætlega að sjá um að járnarusl og úrgangur sé hreinsaður af lóðum sveitarfélaga, en farið var í nokkur hreinsunarátök á árinu 2015 m.a. í Hofsósi. Aukin krafa er að koma fram um að gera megi betur við að hreinsa af á bújörðum og einkalóðum drasl sem blasir við vegfarendum. Eflaust á aukin ferðamennska þátt í því að þrýsta á betri umgengni og hirðusemi

Tilfni er til að yfirfara; regluverk, úrskurði og gera síðan leiðbeinandi verklagsreglur í kjölfarið, um hreinsun á eignarlóðum og bújörðum. Heilbrigðiseftirlitið hefur takmarkaða aðkomu að málum á einkalóðum nema, ef það stafar bein mengunar- eða þá slyshætta af járnaruslinu. Á Norðurlandi vestra og víðar eru einstaka dæmi um að bílhræjum og járnarusli sé safnað í miklum mæli til lýta fyrir umhverfið og tilheyrandi mengunarhættu. Það getur staðið í fámennum sveitarfélögum og jafnvel fjölmönnum að leggja út háar upphæðir til að hreinsa í burt bílhræ og járnarusl af einstaka jörðum. Áður en farið er fram á umfangsmikið hreinsunarstarf, þá þarf að liggja fyrir skýr ábyrgð hjá viðkomandi sveitarfélagi að það ábyrgist greiðslu fyrir hreinsunarstarf þannig að Heilbrigðiseftirlitið verði ekki skilið eftir með stóran reikning sem væntanlega þarf að deila niður á öll aðildarsveitarfélög eftirlitsins. Fyrst og fremst þarf að yfirfara regluverkið þannig að hægt sé að ganga óhikað til atlögu við óhóflega ruslasöfnun sem augljóslega er orðin verulegt lýti á umhverfi og nágrönnum til ama.

Sigríður Hjaltadóttir heilbrigðisfulltrúi situr í nefnd um umhverfisgæði sem er samstarfsverkefni HES og Umhverfisstofnunar. Markmið hópsins er að samræma starfsemi heilbrigðiseftirlitsvæða og Umhverfisstofnunar. Á árinu 2015 var unnið að samræmingu á kröfum um fituskiljur, nýrri olíureglugerð og úrlausnum í úrgangsmálum.

Í fjölmiðlum eru af og til áberandi fréttir af stórum olíuslysum þegar mikið magn olíu lekur út í einu. Greint er rækilega frá afleiðingum og hreinsunarstarfi þegar olíuflutningaskip stranda eða stórar leiðslur fara í sundur. Áætlað er að stórslysinn séu orsök innan við 5% af heildar mengun vegna olíu, en megnið af menguninni verður vegna smáslatta sem leka hér og hvar út í umhverfið. Von er á nýrri reglugerð um varnir gegn olíumengun, eins og fyrr greinir, en sú sem nú gildir er komin til ára sinna og er frá árinu 1994. Það sem einkum er nauðsynlegt að breyta út frá sjónarhóli Heilbrigðiseftirlitsins er að skýra ákvæði sem gilda um ofanjarðarolíutanka, en kröfur til frágangs á tönkum sem eru minni en 10.000 l eru ófullnægjandi.

Á árinu 2015, óskaði Heilbrigðiseftirlitið eftir upplýsingum frá olúfélögnum um stöðu mengunavarna fyrirtækjanna á Norðurlandi vestra. Spurt var um fjölmarga þætti á borð við; öryggisbúnað og vottun ökutækja, gerð og búnað farmgeyma, þjálfun olúflutningabílstjóra, umsjónamenn olústöðva og mengunarvarnbúnað bensínstöðva. Af svörum fyrirtækjanna má ráða að víða þurfi að bæta mengunarvarnir og setja upp olúskiljur.

Umræðan um umhverfismál hefur mikið snúist um magn og frágang á sorpi en minni áhersla á skaðlegustu spilliefnin sem hætta er á að berist út í náttúruna, ef þau eru ekki flokkuð strax frá öðrum úrgangi. Fyrir um 2 áratugum var mikið verk unnið við að safna rafhlöðum sem innihalda þungmálma en nú er lögð minni áhersla á flokkun efnanna. Hætt er því við að ýmis spilliefni berist í almennt sorp, séu ekki flokkuð frá, og mengi því jarðveg um aldur og ævi. Brýna þarf fyrir íbúum og fyrirtækjum að flokka betur og skila til flokkunarstöðva því sem er ekki hæft til urðunar s.s. lítil raftæki, símar, rafhlöður, ljósaperur og annað það sem mengað getur umhverfið.



Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra hefur settið í nefnd sem hefur það að markmiði að endurskoða fráveitureglugerð 798/1999. Nefndin hefur starfað í bráðum 3 ár, þrátt fyrir að upphafleg áætlun hafi miðað að því að nefndin lyki störfum á mun skemmri tíma. Endurskoðunin á reglugerðinni sem að stærstum hluta byggir á Evróputilskipun 91/271/EBE 5 um hreinsun skólps frá þéttbýli. Ástæðan fyrir því að starf nefndarinnar hefur dregist á langinn, liggur m.a. í því að skoða þurfti vel forsendur séríslenskra ákvæða reglugerðarinnar. Ákvæðin snúa m.a. að kröfum um gerlainnihald í fráveituvatni en ákvæðin eru strangari en þau mörk sem finna má í kröfum til baðvatnstilskipunum Evrópusambandsins. Sömuleiðis gera séríslensku ákvæðin strangari kröfur til hreinsunar skólps í dreifbýli, en þær kröfur sem gerðar eru til sambærilegra byggða annars staðar í Evrópu. Þetta misræmi hefur gert erfiðara að bera saman ástand fráveitumála í dreifbýli hér á landi við dreifbýli annars staðar í Evrópu. Þessi skakki samanburður hefur að öllum líkindum litað ástandið hér dekkri litum en efni standa til. Það liggur á að nefndin ljúki störfum svo að framtíðarkröfur liggja fyrir áður en gengið verður endanlega frá hönnun fráveitumannvirkja sveitarfélaga. Vonir standa til að nefndin skili af sér á miðju ári 2016.

Heilbrigðiseftirlitið hefur tekið að sér afmörkuð verkefni fyrir sveitarfélögin á Norðurlandi vestra á sviði vöktunar og mengunarmælinga.

Árlega eru tekin sýn af grunnvatni frá urðunarstöðum á Norðurlandi vestra í samræmi við kröfur sem koma fram í starfsleyfisskilyrðum þeirra. Í framhaldi er gerð samantekt á niðurstöðum mengunarmælinganna. Á árinu 2015 Heilbrigðiseftirlitið var farið í áframhaldandi sýnatöku á jarðvegi á Leirutanga á Siglufirði að ósk Fjallabyggðar vegna áforma um að breyta landnotkun á svæðinu. Svæðið var, fyrir um þremur áratugum, notað til opinnar sorpbrennslu. Við vandaðan undirbúning sveitarfélagsins að skipulagsbreytingunum á tanganum, voru niðurstöðurnar nýttar við undirbúning á fyrirkomulagi framkvæmda og skipulagsútfærslum. Niðurstöður bentu eindregið til þess það ekkert væri því til fyrirstöðu að nota Leirutangann á Siglufirði sem útivistarsvæði og undir tjaldstæði, þó svo menguðustu blettir tangans henti ekki til ræktunar á matjurtum.

Matvælaeftirlit

Framkvæmdastjóri tók þátt í samræmingarstarfi á landsvísu með matvælahópi á vegum heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga og Matvælastofnunar en hlutverk hópsins er m.a. að skipuleggja og taka þátt í sameigilegum eftirlitsverkefnum á landsvísu.



Á vordögum 2014 fór HNV í sérstakt eftirlitsverkefni með veitingahúsum á Norðurlandi vestra, í samráði við veitingamenn á svæðinu og var ákveðið að halda áfram með verkefnið á árinu 2015 og að það verði hluti af reglubundnu eftirliti með veitingahúsum. Tilgangur verkefnisins var þríþættur: Í fyrsta lagi að koma til móts við sjónarmið um bættu upplýsingagjöf til neytenda. Í öðru lagi að skerpa á vinnubrögðum Heilbrigðiseftirlitsins til að gera eftirlitið markvissara og í þriðja lagi að ná fram breytingum á starfsháttum í veitingastöðum.

Neysluvatn

Heilbrigðiseftirlitið hefur haft eftirlit með vatnsbólum hjá mjólkurbændum síðan árið 2004. Vatnsból hafa verið tekin út og ráðlagt með úrbætur á þeim. Farið hefur verið að vatnsbólum og þau hnitsett með nákvæmum GPS mæli í Skagafirði, en til stendur að að ljúka við hnitsetningu vatnsbola í Húnavatnssýslum. Niðurstöður á sýna úr vatnsbólum benda til þess vatnsból sem staðsett eru í skriðumiklum fjallshlíðum þurfi fyrr að fara í endurbætur og vatnsgæði geti verið óstöðugri en á öðrum svæðum. Til þess að tryggja vatnsgæði þá eru nokkur dæmi um að bændur hafi sett um geislatæki til þess að tryggja viðunandi gæði neysluvatns. Umrædd áhætta á að neysluvatni uppfylli ekki kröfur reglugerða á heilnæmi á almennt við um vatnsból í skriðum og er þetta einn af þeirra þátta sem ferðapjónustua í dreifbýli þarf að huga að. Heilbrigðiseftirlitið þarf í auknum mæli að gæta að þessum þætti í eftirliti með ferðapjónum á Norðurlandi vestra og hefur Sigríður Hjaltadóttir heilbrigðisfulltrúi lagt áherslu á að þessi þáttur verði á verkefnalista við gerð samræmdra starfsleyfisskilyrða með vatnsveitum. Umfang eftirlits með neysluvatni er umtalsvert hjá Heilbrigðiseftirlitinu enda eru vatnsveitur á annað hundrað, sem þarf að fylgjast með. Útflytjendur matvæla og fæðubótarefna á svæðinu þurfa staðfestingu og vottun um að vatnsveitur uppfylli skilyrði reglugerða. Eitt þeirra er að það sé skipulagt innra eftirlit vatnsveitnanna sjálfra með starfsemi sinni.

Ekki kom upp neitt staðfest tilvik matarsýkingar eða hópsýkingar á Norðurlandi vestra á árinu 2015 sem rekja má til matvælafyrirtækja á svæðinu. Heilbrigðiseftirlitið fær, sem betur fer ágætar ábendingar frá fólki um þætti sem það telur að betur megi fara hvað varðar matvæli og á það við um merkingar, aðskotaefni, aðskotadýr og meðferð matvæla. Ábendingarnar eru gríðarlega mikilvægar í því forvarnarstarfi sem heilbrigðisfulltrúar vinna.

Hollustuháttaeftirlit

Undir hollustuháttaeftirlit fellur m.a. eftirlit með þrif og öryggismálum í skólum, þrifnaði á gististöðum, athugun á ástandi íbúða vegna sveppagróðurs og raka, almenn þrif og sóttthreinsun sundlaugavatns, fótaaðgerða-, húðflúr- og tannlæknastofa auk stofnanna sem almenningur sækir þjónustu til ss. heilbrigðisstofnanna.



Myglusýni skoðuð

Á árinu 2015 voru 134 gististaðir á skrá, hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra. Flestir þeirra smáir, eða 84 af þessum 134 og fá þeir skoðun annað hvert og sumir jafnvel fjórða hvert ár.

Það heyrir til undantekninga að verið sé að selja gistingu í óleyfi á Norðurlandi vestra. Heilbrigðiseftirlitið hefur í samstarfi við sýslumannsembættin hvatt þá nýliða sem ekki hafa aflað sér tilskyldra leyfa að koma þeim þætti reksturs í samræmi við lög og reglur. Heilbrigðiseftirlitið hefur orðið vart við meiri almennann stuðning m.a. frá sveitarstjórnarfulltrúum og ferðaþjónum sem fyrir eru í rekstri að gengið sé eftir því að leyfis og gæðamál séu í lagi. Það gæti ákveðins misskilnings hjá nýjum rekstraraðilum að leyfisferlið sé flókið, en svo er ekki þrátt fyrir að fjölmargir þurfi að gefa umsagnir á borð við skipulagsyfirvöld, skattyfirvöld, heilbrigðiseftirlit og brunaeftirlit. Ef það á að „einfalda“ leyfisferlið, þá felur það í sér að minnka þær kröfur sem gerðar eru til ferðaþjóna um skil á vottorðum t.d. sakavottorði eða staðfestingu á að hafa staðið í skilum með opinber gjöld.

Talsvert var um að óskað var eftir skoðun á íbúðar- og atvinnuhúsnæði með tilliti til þess hvort sveppagróður væri til staðar í húsnæðinu.

Á Norðurlandi vestra er fjöldi sund- og baðstaða alls 16. Heilbrigðiseftirlitið heimsækir þá alla reglulega, tekur sýni úr laugum og pottu, tekur út hreinlæti, fer yfir innra eftirlit og veitir starfsfólki fræðslu. Það er ljóst að miklu máli skiptir að starfsfólk sé vel heima og þjálfað í þeim mikilvægu störfum sem fylgja gæslu og umsjón með öryggi sundstaða.

Sveitarfélögin reka nær allar sundlaugar á Norðurlandi vestra og fylgir rekstri sundlauga mikil ábyrgð. Rekstraraðila sundlaugar ber að gera skriflega áætlun um öryggi gesta, sem á að fela í sér áhættumat og áætlun um forvarnir. Gerð er krafa til skýrra merkinga, þjálfunar starfsfólks, þrifaáætlunar og innra eftirlits.

Apríl 2016, Sigurjón Þórðarson framkvæmdastjóri